20. nóvember 2009
SÍ-56810

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 5. nóvember 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um nýsköpunarfyrirtæki, 82. mál á 138. þingi, sem og fylgifrumvarp um breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, 81. mál á 138 þingi. Seinna frumvarpið felur í sér skattalegar heimildir í samræmi við hið fyrra.

Efni frumvarpanna fellur ekki undir lögbundin viðfangsefni Seðlabankans. Bankinn tekur hins vegar undir mikilvægi þess að styðja við og efla nýsköpun, sem er einn megindrifkraftur efnahagsframfara til lengri tíma litið. Á sama tíma er hins vegar mikilvægt að sníða frumvarpið þannig að ekki skapist hvatar fyrir einstaklinga að breyta hegðun sinni þannig að af hljótist þjóðhagsleg sóun, t.d. með misnotkun frádráttarheimilda.

Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarbankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhagfræðingur